



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2021
2102044SA KB
Málalykill: oo.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum (þjóðferjuleiðir), 137. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum (þjóðferjuleiðir), 137. mál.

Markmið frumvarpsins er að ákveðnar ferjuleiðir falli undir skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum. Þannig verði tiltekið að þjóðferjuleiðir séu hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun og að til þjóðferjuleiða teljist leiðir þar sem ferja kemur í stað vegasambands um stofnveg og tengir byggðir landsins, sem umluktar eru sjó, við grunnkerfi samgangna á meginlandinu. Þá er einnig lagt til að í samgönguáætlun skuli ákveða fjarveitingu vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir til flutnings á fólk og bifreiðum. Einnig verði heimilt að ákveða fjarveitingu til greiðslu hluta kostnaðar við ferjur sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustu.


Afstaða sambandsins

Greiðar og öruggar samgöngur eru mikilvægar hlekkur í uppbyggingu og viðhaldi öflugra byggða um allt land. Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 segir m.a. að sambandið skuli vinni að því, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningssamgangna milli og innan landshluta. Þá skuli leggja áherslu á að fjarveitingar verði auknar til verkefnisins og framtíðarskipulag rekstrar verði útfært á skyran hátt.

Í núgildandi samgönguáætlun er einnig lögð áhersla á þróun almenningssamgangna um allt land (aðgerð A.10) og í október 2019 gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið út heildarstefnu í almenningssamgöngum milli byggða, Ferðumst saman. Þar segir að tilefni mótnunar heildarstefnu um almenningssamgöngur milli byggða á Íslandi sé að tengja saman skipulag á ferðamátunum þremur í lofti, láði og legi þannig að þeir styrki hver annan og stuðli þannig að bættu heildarkerfi og um leið auknu aðgengi og lífsgæðum um land allt. Samkvæmt stefnunni er eitt af lykilviðfangsefnum næstu ára að “Heildstætt leiðakerfi á lofti, láði og legi tengist saman og bjóði samþættar leiðir milli staða.” Þá segir við markmið 5 í stefnunni, um jákvæða byggðaprórun, að greina skuli kosti þess að lykilleiðir almenningssamgöngukerfisins verði hluti af grunnneti samgangna.

Með vísan til framangreindar er sambandið fylgjandi markmiðum frumvarpsins um að þjóðferjuleiðir verði skilgreindar sem hluti af grunnkerfi samgangna og að tekið verði tillit til þeirra við gerð og fjármögnun samgönguáætlunar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson

framkvæmdastjóri